

L Ö G

53

14. júní

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „5%“ í 1. mgr. 8. gr. laganna komi: 2½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

54

14. júní

um verðlagsmál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með því, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt. Hann gerir tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál, auglýsir ákvarðanir hennar og annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Verðlagsstjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 10. gr. þessara laga skal einnig gilda um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð.

Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda viðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.